



Fréttabréf Naustaskóla

6. tölublað, 10. árgangur, 8. júní 2018

Ábyrgðarmaður: Bryndís Björnsdóttir

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Kæra skólasamfélag

Kæra skólasamfélag!

Við viljum þakka nemendum, starfsfólki, foreldrum og forráðamönnum og öllum velunnurum skólans kærlega fyrir samstarfið í vetur. Skólaárið hefur verið ótrúlega fljótt að líða, enda alltaf nóg um að vera í Naustaskóla.

Þú nemandi útskrifaðist úr skólanum þetta vorið. Við kveðjum frábæran hóp nemenda með söknuði, þökkum þeim fyrir samfylgdina í gegnum árin og óskum þeim velfarnaðar í leik og starfi í framtíðinni.

Nokkrir starfsmenn hverfa einnig á braut eftir þetta skólaár. Kennararnir Helgi Valur, Helga og Árni Hrólfur hætta störfum. Hið sama gera skólaliðarnir Karítas, Salóme, Alma, Áslaug og Ágústa og einnig stuðningsfulltrúarnir Heiðar Freyr, Heiðar Brynjarsson, Inga Vala, Daníel og Sindri. Þá hætta Linda skólahjúkrunarfræðingur störfum. Þessu góða fólki þökkum við kærlega fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf og óskum þeim góðs gengis í nýjum störfum. Gengið hefur verið frá flestum ráðningum fyrir næsta skólaár.

Að lokum viljum við óska ykkur öllum gleðilegs sumars og við hlökkum til að hitta ykkur á nýjan leik í haust, tilbúin í ný verkefni á nýju skólaári.

Sumarkveðja,
Bryndís, Alla og Þorgeir



Íris og Trausti Lúkas fluttu ræðu fyrir hönd útskriftarnema

Teymi næsta skólaárs

Teymi næsta skólaárs liggja nú fyrir og eru þau eftirfarandi:

1. bekkur: Sigga Jóna, Vala, Hulda, Erla og Björn Abed

2.-3. bekkur: Lilja, Berglind, Gréta, Stína Sig., Hulda, Harpa Mjöll og Karen

4.-5. bekkur: Elín, Sunna F., Katrín, Emilía, Paula, Inga Heiða og Kolbrún Ósk

6.-7. bekkur: Særún, Stefán, Kolbrún Sigurgeirs, Þóra, Stína Gísla, Inda, Gunnar og Gudda

8.-10. bekkur: Ása, Andri, Björn, Íris, Silla, Magnús, Hafdís, Agnes og Kolla

Íþróttateymi: Þórey, Heimir og Sigmundur

List- og verkgreinateymi: Valdís, Halla, Katrín Ágústa og Rebekka

Frístundarteymi: Hrafnhildur, Svandís, Dána, Jódý og Fanney

Skólaliðateymi: Silla, Ester, Jódý, Harpa H., Steinar, Kata, Eva Björk, Dána

Óskilamunir

Við viljum minna á að fjölmargir óskilamunir liggja hér í forstofu skólans. Hvetjum við ykkur til þess að athuga hvort þar leynist eitthvað sem tilheyrir ykkar börnum. Hægt verður að nálgast óskilamuni fram til 15. júní en eftir þann tíma verður fatnaðurinn gefinn til Rauða krossins.



Gleðilegt sumar!